

# MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Bæjarráð Vestmannaeyja

Sendandi: Angantýr Einarsson, framkvæmdastjóri og Kári Bjarnason, forstöðumaður

Dagsetning: 23. apríl 2021

**Efni:** Tillaga að nýju og skýrara skipulagi Safnahúss Vestmannaeyja

Ofangreindum starfsmönnum Vestmannaeyjabæjar hefur verið falið að endurskoða skipulag þeirra safna og safndeilda sem starfrækt eru í Safnahúsinu og leggja fyrir bæjarráð tillögu að breyttu skipulagi.

## **Starfsemi og hlutverk Safnahúss.**

Safnahúsið samanstendur af 8 söfnum eða safndeildum í eigu og umsjón

Vestmannaeyjabæjar, þ.e. bókasafni, héraðsskjalasafni, Landlyst/Skanssvæði, listasafni, ljósmynda- og kvikmyndasafni, Sagnheimum, byggðasafni og náttúrugripasafni og Sigmundssafni. Þá heyrir embætti fjölmenningarfulltrúa undir Safnahúsið. Ennfremur teljast hluti af safnkosti Safnahúss þau menningartengd söfn og safnvísar sem afhent verða Vestmannaeyjabæ til eignar og umsýslu nema annað sé ákveðið af bæjaryfirvöldum. Skyldur Safnahússins fela í sér umtalsverða ábyrgð, faglega og fjárhagslega stjórnun ofangreindra safna og annars sem heyrir undir Safnahúsið hverju sinni, móttöku og safnafræðslu, skráningu og varðveislu safnkosts, úrvinnslu og þróun safnanna, kynningu og sýningar ásamt samstarfi og þjónustu við stofnanir, fyrirtæki og bæjarbúa. Annað helsta hlutverk Safnahússins er miðlun menningararfs Vestmannaeyja í víðasta skilningi, einkum þess hluta menningararfsins sem varðveittur er í Safnahúsinu, hvort heldur er með dagskrám, sýningum í húsinu, útgáfum eða í samstarfi við aðra. Þá eru í þriðja lagi ýmiss konar átaksverkefni unnin á vegum Safnahúss á hverjum tíma og má nefna sem dæmi vinnu við að setja efni úr blöðum og tímaritum sem tengjast Vestmannaeyjum inn á menningarvefinn Heimaslóð og samstarf við Vinnumálastofnun og aðra um starfstengd úrræði fyrir atvinnuleitendur. Í fjórða lagi er sérstök áhersla lögð á skyldur Safnahússins við skólastarfið í Vestmannaeyjum.

## **Tillaga að breyttu skipulagi Safnahúss**

Gerð er tillaga um að fella öll ofangreind söfn í Safnahúsi undir ábyrgð eins forstöðumanns og að ráðinn verði verkefnastjóri um starfsemi Sagnheima, Byggðasafns, sem jafnframt verður staðgengill forstöðumanns. Með þessu er stjórnskipulag safnanna einfaldað og rekstur þess gerður hagkvæmari. Einfaldara verður að deila verkefnum milli ólíkra eininga og efla samstarf milli deilda. Lagt er til að myndaðar verði fimm einingar/deildir undir Safnahúsi: a) Bókasafn; b) fjölmenningarfulltrúi; c) ljósmynda- og listasafn; d) Héraðsskjalasafn og; e) Sagnheimar, Byggðasafn. Hver eining hefur á að skipa einn ábyrgan aðila fyrir faglegri umsjón einingarinnar, en stjórnun, þ.m.t. starfsfólks og rekstur verður á ábyrgð forstöðumanns Safnahússins og staðgengils hans eftir nánari verkaskiptingu.

Í viðauka er tillaga að skipuriti Safnahúss með ofangreindri skiptingu í einingar/deildir og hvaða flokkar falla undir hverja einingu/deild.

### **Stjórnendur**

Forstöðumaður: Forstöðumaður Safnahússins ber skv. tillögunni ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri safnanna og annars sem heyrir undir Safnahúsið á hverjum tíma og ber ábyrgð á mannauðsmálum, áætlanagerð og stefnumótun í samráði við bæjaryfirvöld, þ.m.t. bæjarráð, bæjarstjóra og framkvæmdastjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs. Forstöðumaður deilir út verkefnum til annarra starfsmanna og ber ábyrgð á að þau séu unnin í samræmi við það sem ætlast er til. Þá leiðir hann vinnu við þau verkefni sem Safnahúsinu eru falin sérstaklega, þ.m.t. að auka samstarf við skólana og að efla áhuga og skilning á fjölbreyttum menningararfi Vestmannaeyja, að safna, varðveita, rannsaka og kynna sögulega mikilvæga safnmuni og annað safnefni sem tilheyrir Safnahúsinu. Forstöðumaður heldur utan um menningarviðburði og átaksverkefni í Safnahúsinu, sem m.a. eru skipulögð af bæjaryfirvöldum. Safnahúsið heldur úti heimasíðu og ber forstöðumaður ábyrgð á að heimasíðan sé reglulega uppfærð með nýju efni ásamt því að upplýsingar um safnastarfið séu réttar á hverjum tíma. Hann situr í samráðshópi Bakvarða Safnahúss Vestmannaeyja og fylgir eftir, í samstarfi við verkefnastjóra, samþykktum hópsins um mögulegar dagskrár og samstarf um verkefni, útgáfur og kynningar. Þá situr hann einnig í samráðshópi Hollvina Listasafns Vestmannaeyja. Þá sinnir forstöðumaður öðrum verkefnum sem framkvæmdastjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs felur honum hverju sinni.

Verkefnastjóri og staðgengill forstöðumanns: Verkefnastjóri er skv. tillögunni staðgengill forstöðumanns Safnahúss. Verkefnastjóri vinnur með honum m.a. að stefnumótun, framtíðarsýn og framkvæmd safnastarfa í samstarfi við bæjaryfirvöld, hagsmunaaðila og annað starfsfólk. Umtalsverður hluti af starfi verkefnastjóra er ætlaður til þess að vinna að sérstökum áhersluverkefnum Safnahúss, m.a. að eflingu áhuga og skilnings á fjölbreyttum menningararfi Vestmannaeyja með margvíslegum hætti. Einnig annast verkefnastjóri gerð umsókna og eftirfylgni með veittum styrkjum og ber ábyrgð á fjármálum.

### **Einingar/deildir**

Sagnheimar, Byggðasafn: Verkefnastjóri annast daglega umsjón og ber faglega ábyrgð á starfsemi Sagnheima, Byggðasafns og Náttúrugripasafns, og Landlystar/Skanssvæðis, þ.m.t. móttöku gesta, söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknir og kynningu sögulega mikilvægra safnmuna, safnafræðslu og hönnun sýninga. Sagnheimar, byggðasafn heldur úti sérstakri síðu á samfélagsmiðli og sér verkefnastjóri um að síðan sé reglulega uppfærð með nýju efni. Hann situr í samráðshópi Bakvarða Safnahúss Vestmannaeyja og fylgir eftir, í samstarfi við forstöðumann Safnahúss, samþykktum hópsins um mögulegar dagskrár og samstarf um verkefni, útgáfur og kynningar. Sérstök áhersla er lögð á samstarf byggðasafns og skólakerfis og vinnur verkefnastjóri náið með öðrum starfsmönnum Safnahúss við að efla þann þátt starfseminnar með margvíslegu samstarfi. Þá sinnir verkefnastjóri öðrum verkefnum sem forstöðumaður Safnahúss felur honum hverju sinni.

Héraðsskjalasafn: Héraðsskjalavörður hefur með höndum daglega umsjón og skipulagningu héraðsskjalasafnsins, þ.m.t. móttaka gesta, söfnun, varðveisla, rannsóknir, skráning, safnafræðsla og kynning. Héraðsskjalavörður annast leiðbeiningar til stofnana Vestmannaeyjabæjar um lögbundna skjalavörslu sveitarfélagsins og hefur umsjón með því að

öllum reglum um skylduskil gagna sé fylgt. Héraðsskjalavörður leitast við, í samstarfi við forstöðumann Safnahúss og verkefnastjóra, að safna menningarlega mikilvægum einkaskjölum og öðrum persónulegum handrituðum vitnisburði um menningu og mannlíf fyrri tíðar í Vestmannaeyjum sem og að kynna og vekja áhuga sem flestra á þeirri arfleifð, m.a. með reglubundnum sýningum, dagskrám og í samstarfi við aðra. Þá sinnir héraðsskjalavörður öðrum verkefnum sem forstöðumaður Safnahúss felur honum hverju sinni.

Bókasafn: Starfsfólk bókasafns, ásamt forstöðumanni, hefur umsjón með öllum aðföngum, þ.m.t. kaupum og skráningu á bókum, tímaritum og öðrum safngögnum, móttöku gjafa, tekur þátt í stefnumótavinnu, þ.m.t. um uppbyggingu safnkosts, grisjun, kynningar og þjónustu með það að markmiði að bókasafnið sé og verði áfram öflugt almenningsbókasafn og upplýsinga- og fræðslumiðstöð fyrir ólíka viðtökuhópa. Starfsmenn bókasafns halda úti síðu á samfélagsmiðli og ber forstöðumaður ábyrgð á að síðan sé reglulega uppfærð með nýju efni. Sérstök áhersla er lögð á samstarf bókasafns og skólakerfis og ber forstöðumaður ábyrgð á að efla þann þátt starfseminnar sem frekast er unnt með margvíslegu samstarfi. Forstöðumaður og starfsfólk bókasafns leiða uppbyggingu fágætisbókasafns sem orðið er einstakt á landsvísu sem og annarra sérsafna sem heyra til starfsemi bókasafnsins hverju sinni.

Ljósmynda- og listasafn (þ.m.t. kvikmynda- og Sigmundssafn): A) Umsjónarmaður ljósmynda- og kvikmyndasafns leiðir í samstarfi við forstöðumann stefnumótun hvað varðar móttöku efnis, varðveislu, skönnun, merkingar, rannsóknir, sýningar og samstarf um kynningar á þeim. Hann deilir út verkefnum til starfsmanna í samráði við forstöðumann og heldur utan um afrakstur verkefnanna, þ.m.t. skönnun og upplýsingar um myndefni. Umsjónarmaður heldur utan um samfélagsmiðlasíðu ljósmynda- og kvikmyndasafns og gætir þess að síðan sé reglulega uppfærð með nýju efni. Þá stýrir umsjónarmaður yfir veturinn vikulegum opnum fundum í Safnahúsi þar sem hópur áhugasamra kemur saman til að bera kennsl á óþekkta einstaklinga á ljósmyndum úr fótum safnsins og sér um sölu á ljósmyndunum og eftirfylgni við greiðslur í bæjarsjóð. Mikið efni af lifandi myndum er tengjast Vestmannaeyjum er varðveitt á Kvikmyndasafni Íslands og hefur sumt af því efni verið afritað og gefið Vestmannaeyjabæ. Umsjónarmaður vinnur, í samstarfi við forstöðumann og verkefnastjóra, að frekari söfnun og kynningu á þeim einstæða menningararfi sem lifandi myndir frá fyrri tíð eru, m.a. í samstarfi við Kvikmyndasafnið, sérstakan hollvinahóp sem stofnaður hefur verið í Safnahúsinu af þessu tilefni, og aðra sem varðveita slíkt efni. Þá sinnir umsjónarmaður öðrum verkefnum sem forstöðumaður Safnahúss felur honum hverju sinni.

B) Umsjónarmaður lista- og Sigmundssafns sér um skráningar og varðveislu listaverkanna og metur reglulega viðhalds- og viðgerðarþörf safnkostsins ásamt því að leggja fram tillögur að móttöku- og kaupstefnu safnsins til forstöðumanns. Hann sér um sýningar á málverkum og öðrum listaverkum úr eigu safnsins og sér um samskipti við þá listamenn sem sýna í Einarstofu og annars staðar í Safnahúsinu. Umsjónarmaður situr í samráðshópi Hollvina Listasafns Vestmannaeyja og fylgir eftir samþykktum hópsins um mögulegar sýningar og samstarf um sýningar. Umsjónarmaður annast útlán listaverka, hvoru tveggja innan stofnana bæjarins sem og til annarra safna í samráði við forstöðumann. Þá sér umsjónamaður um hið einstaka skopmyndasafn Sigmunds og vinnur, í samstarfi við forstöðumann og

verkefnastjóra, að því að kynna Sigmundssafnið sem best m.a. með dagskrám í tengslum við sýningar á völdum myndum úr safninu. Þá sinnir umsjónarmaður öðrum verkefnum sem forstöðumaður Safnahúss felur honum hverju sinni.

Fjölmennning: Fjölmenningarfulltrúi sinnir málefnum þeirra íbúa Vestmannaeyja sem eru með annað ríkisfang. Hann annast ráðgjöf og aðstoð til íbúa af erlendu bergi brotnu sem þurfa þess með, m.a. með því að vísa á túlkþjónustu og liðsinnir stofnunum bæjarins við að auka þjónustustigið til þeirra íbúa sem eru af erlendum uppruna. Fjölmenningarfulltrúi fylgir eftir fjölmenningarstefnu Vestmannaeyjabæjar og vinnur gegn fordómum, m.a. með því að efla samskiptin milli ólíkra málhópa með dagskrám, kynningum og sýningum í Safnahúsinu og annars staðar í nærsamfélaginu með öðrum starfsmönnum eða í samstarfi við einstaklinga, félagasamtök og aðra. Þá leitast fjölmenningarfulltrúi við að auka þjónustustigið til íbúa Vestmannaeyjabæjar með annað ríkisfang, m.a. í samstarfi við sendiráð erlendra ríkja og aðra sem láta sig málefnið miklu varðar. Markmiðið með starfi fjölmenningarfulltrúa er að aðstoða þá íbúa sveitarfélagsins sem eru af erlendum uppruna til að verða virkir, sjálfbjarga og öflugir þátttakendur í samfélaginu. Þá sinnir fjölmenningarfulltrúi öðrum verkefnum sem forstöðumaður Safnahúss felur honum hverju sinni.